



Borgarráð

Efni: Innheimtupjónusta borgarinnar fyrir árin 2018-2022

Vísað er til fyrirspurnar, dagsett 22. ágúst sl., frá áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins um innheimtupjónustu borgarinnar fyrir tímabilið 2018-2022.

Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Momentum greiðslupjónusta ehf. og Gjaldheimtan ehf. voru lægstbjóðendur í útboði Reykjavíkurborgar um innheimtupjónustu fyrir tímabilið eða 2018 – 2022. Hvað greiðir Reykjavíkurborg fyrir þennan samning við Momentum greiðslupjónustuna ehf. og Gjaldheimtuna ehf. Hver hefur hagnaður þessara tveggja innheimtufyrirtækja verið árið 2018 og 2019 vegna skuldar borgarbúa? Þ.e.a.s. hversu mikið fjármagn hafa fyrirtækin fengið inn á sitt borð fyrir að sinna innheimtu fyrir Reykjavíkurborg?“

Þann 21. september 2017 samþykkti Borgarráð að fara í útboð vegna milli- og löginnheimtu til næstu fimm ára, frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2022.

Þann 31. október sl. voru opnuð tilboð í útboði nr. 14017, Fjármálaþjónusta vegna milli- og löginnheimtu. Útboðið var í tveimur hlutum, annars vegar vegna milliinnheimta og vegna löginnheimtu hins vegar. Þjóða þurfti í báða hluta í einu en tveir lögaðilar gátu tekið sig saman og boðið saman í báða hluta. Alls bárust tvö tilboð, frá Inkasso ehf. og frá Lög og innheimtu ehf. sem buðu heildarverð án virðisaukaskatts að fjárhæð kr. 102.333.784 og tilboð Gjaldheimtunnar ehf. og Momentum greiðslu- og innheimtupjónusta ehf. sem buðu heildarverð án virðisaukaskatts að fjárhæð kr. 42.923.740. Báðir útboðsgjafar uppfylltu öll hæfis- og fjárhagsskilyrði.

Ákveðið var að ganga til samninga við Gjaldheimtuna ehf. og Momentum greiðslu- og innheimtupjónustu ehf. um að sinna fjármálaþjónustu vegna milli- og löginnheimtu fyrir Reykjavíkurborg vegna krafna sem stofnaðar væru frá tímabilinu 1. janúar 2018 til og með 31. desember 2022. Reykjavíkurborg er þó, þrátt fyrir ákvæði um gildistíma, heimilt að segja upp síðasta ári samningsins með sex mánaða fyrirvara og gildir hann þá um kröfur stofnaðar til og með 31.12.2021. Þá er heimilt er, að fengnu samþykki mótaðila, að framlengja samninginn tvisvar sinnum í allt að tvö ár í senn.

Kostnaður skuldara Reykjavíkurborgar vegna milli- og löginnheimtu á árinu 2017 var áætlaður kr. 65.202.104 miðað við áætlaðan fjölda krafna. Áætlaður kostnaður skuldara Reykjavíkurborgar vegna milli- og löginnheimtu lækkaði því um kr. 22.278.364, eða um 34% á árinu 2018 m.v. sama áætlaðan fjölda krafna.



Verð og verðlagsgrundvöllur skv. samningi

Allur kostnaður vegna þjónustunnar, hverju nafni sem hann nefnist, er innifalinn í einingaverði verktaka.

Verktaka er óheimilt að leggja önnur gjöld á greiðendur krafna Reykjavíkurborgar en fram koma í gr. 2.4.1 í útboðsgögnum, auk útlagðs kostnaðar. Þá skal höfuðstóll og vextir/álag greiðast að fullu til Reykjavíkurborgar. Greiddur útlagður kostnaður borgarinnar til Momentum og Gjaldheimtunnar vegna krafna sem innheimtast ekki hefur verið um 2 mkr. á ári.

2.4.1 Kostnaður skuldara.

Reykjavíkurborg óskar eftir tilboði í eftirfarandi þjónustu skv. tilboðsskrá í meðfylgjandi skjali. Taka tilboðs leiðir til þess að samþykkt einingarverð verða borin undir borgarráð til samþykktar sem grundvöllur gjaldskrár fyrir þjónustuna.

Milliinnheimta – Hluti I:

1. Kostnaður vegna milliinnheimtubrúfs I
2. Kostnaður vegna milliinnheimtubrúfs II
3. Kostnaður vegna hvers símtals

Löginheimta – Hluti II:

1. Innheimtubrúf (fast gjald)
2. Framhald innheimtuaðgerða:
 - a. Greiðsluáskorun
 - b. Stefna
 - c. Aðfarabeidni
 - d. Nauðungarsölubeidni
 - e. Kröfulýsing
 - f. Mót í dómi eða hjá sýslumanni

Ekki skal falla áfallinn kostnaður á skuldara vegna annarra þátta en taldir eru upp hér að ofan.

Óheimilt er að bjóða stíglækkandi verð milli fjárhæðabíla í hluta 2. Boðin einingaverð í hluta 2 skulu vera annað hvort jafnhá milli fjárhæðabíla eða fara stig hækkandi milli fjárhæðabíla í tilboðsskrá.

Útlagður kostnaður greiðist samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 og birtingarkostnaður fyrir stefnur og greiðsluáskoranir samkvæmt gjaldskrá Íslandspósts hf og stefnuvotta.

2.4.2 Kostnaður Reykjavíkurborgar

Kostnaður Reykjavíkurborgar er útlagður kostnaður vegna niðurfelldra og afturkallaðra mála í milli- og löginheimtu.

Engar verðbreytingar verða á samningstímanum vegna hluta 1 nema gerðar verði breytingar á hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl., með síðari breytingum (sjá viðauka). Verði hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar hækkuð er verktaka heimilt að hækka verð vegna þjónustunnar þó þannig að afsláttarprósenta af hámarksfjárhæð skal aldrei vera lægri en afsláttarprósenta sem kemur fram í



tilboðsskrá. Verði hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar lækkaður skal verktaki lækka verð í samræmi við þá breytingu.

Engar verðbreytingar verða á einingaverði í hluta 2 nema verðbreytingar hafi orðið á einingaverði í hluta 1. Verðhækkanir í hluta 2 geta að hámarki orðið hlutfallslega jafnmiklar og verðhækkun í sama verðbili í hluta 1. Verði lækkun á verði í hluta 1 skal verktaki lækka verð í hluta 2 í sama hlutfalli, sjá nánar hér að neðan í gr. 1.2.2 verð og verðbreytingar í útboðsgögnum.

1.2.2 Verð og verðbreytingar

Allur kostnaður vegna þjónustunnar, hverju nafni sem hann nefnist, skal vera innifalinn í einingaverðum.

Verktaka er óheimilt að leggja önnur gjöld á greiðendur krafna Reykjavíkurborgar en fram koma í kafla 2.4.1 auk útlagðs kostnaðar. Þá skal höfuðstóll og vextir/álag greiðast að fullu til Reykjavíkurborgar.

Engar verðbreytingar verða á samningstímanum vegna hluta 1 nema gerðar verði breytingar á hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl., með síðari breytingum. Verði hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar hækkuð er verktaka heimilt að hækka verð sín þó þannig að afsláttarprósenta af hámarksfjárhæð skal aldrei vera lægri en afsláttarprósenta sem kemur fram í tilboðsskrá, sbr. kafla 4. Verði hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar lækkaður skal verktaki lækka verð sín í samræmi við þá breytingu.

Engar verðbreytingar verða á einingaverðum í hluta 2 nema verðbreytingar hafi orðið á einingaverðum í hluta 1. Verðhækkanir í hluta 2 geta að hámarki orðið hlutfallslega jafnmiklar og verðhækkun í sama verðbili í hluta 1. Verði lækkun á verðum í hluta 1 skal verktaki lækka verð sín í hluta 2 í sama hlutfalli.

Verðskrá Momentum og Gjaldheimtunnar á milli- og löginheimtu

Hér að neðan má sjá verðskrá fyrir innheimtu Reykjavíkurborgar hjá Momentum og Gjaldheimtunni. Verðskrá innheimtu hefur ekki tekið breytingum síðan samningurinn tók gildi þann 1. janúar 2018 og er mun lægri en reglugerðin leyfir (sjá viðauka).

Gildir um kröfur með gjalddaga eftir 1.1.2018

Milliinnheimta		
	<i>Einingaverð</i>	<i>Einingaverð m. vsk.</i>
Innheimtubríf 1		
Krafa undir kr. 3.000	390	484
Krafa kr. 3.000 - kr. 10.499	462	573
Krafa kr. 10.500 - kr. 84.999	611	758
Krafa kr. 85.000 og yfir	885	1.097
Símtal	220	273
Innheimtubríf 2		
Krafa undir kr. 3.000	390	484
Krafa kr. 3.000 - kr. 10.499	462	573
Krafa kr. 10.500 - kr. 84.999	555	688
Krafa kr. 85.000 og yfir	590	732



Löginnheimta			
Nr.	Þjónustuliðir	Einingaverð	Einingaverð m. VSK
1	Löginnheimtubréf	3.200	3.968
2	Framhaldskostnaður í löginnheimtu		
2.1	Greiðsluáskorun		
	<3.000	3.500	4.340
	3.000-10.499	3.500	4.340
	10.500-84.999	3.700	4.588
	85.000 og yfir	7.500	9.300
2.2	Stefna	5.000	6.200
2.3	Aðfararbeiðni	5.000	6.200
2.4	Nauðungarsala		
	<3.000	7.000	8.680
	3.000-10.499	7.000	8.680
	10.500-84.999	8.000	9.920
	85.000 og yfir	8.500	10.540
2.5	Kröfufýsing í löginnheimtu	5.000	6.200
2.7	Mót	3.000	3.720

Ef frekari spurningar vakna er sjálfsagt að svara þeim.

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri



Viðauki:

REGLUGERÐ

um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um fruminnheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi. Með fruminnheimtu er átt við innheimtuviðvörðun skv. 7. gr. innheimtulaga nr. 95/2008.

Reglugerðin gildir einnig um milliinnheimtu en með henni er átt við innheimtuaðgerðir sem hefjast eftir að skuldari hefur fengið innheimtuviðvörðun skv. 7. gr. laganna og áður en löginnheimta hefst.

Reglugerðin tekur ekki til löginnheimtu en með henni er átt við innheimtumeðferð á grundvelli réttarfarslaga. Reglugerðin tekur heldur ekki til innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum.

2. gr.

Innheimta krafna fyrir aðra.

Þegar innheimta er stunduð fyrir aðra tekur reglugerðin til þeirra innheimtuaðila sem þurfa sérstakt leyfi til að stunda innheimtu, sbr. 3. - 5. gr. innheimtulaga, svo og þeirra sem stunda mega innheimtu án sérstaks innheimtuleyfis, þ.e. lögmanna, opinberra aðila, viðskiptabanka og sparisjóða, annarra lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna.

Með innheimtu fyrir aðra er átt við innheimtu fyrir annan sjálfstæðan lögaðila jafnvel þótt innheimt sé fyrir lögaðila innan sömu fyrirtækjasamsteypu.

3. gr.

Góðir innheimtuhættir.

Innheimta krafna skal vera í samræmi við góða innheimtuhætti, sbr. 6. gr. innheimtulaga. Samkvæmt þeirri grein telst það m.a. brjóta í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi eða valda óþarfa tjóni eða óþægindum.

4. gr.

Ákvörðun hámarksfjárhæðar innheimtukostnaðar.

Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. innheimtuþóknun, sem viðskiptaráðherra ákveður í reglugerð þessari, tekur mið af þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur og hóflegur getur talist, sbr. 12. gr. innheimtulaga. Heimilt er að innheimta viðbót vegna umdeildra peningakrafna þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf, sbr. sömu grein laganna.

5. gr.

Fruminnheimta o.fl.

Innheimtuviðvörðun skal send skv. 1. - 2. mgr. 7. gr. innheimtulaga.

Heimilt er þó með samningi milli kröfuhafa og skuldara í atvinnurekstri að víkja frá ákvæðum 7. gr. laganna um sendingu innheimtuviðvörðunar, sbr. 2. gr. laganna.

Að undanskildum lögmönnum, opinberum aðilum, viðskiptabönkum og sparisjóðum, öðrum lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, sem stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr. innheimtulaga, geta þeir sem stunda innheimtu vegna eigin starfsemi sameinað greiðsluseðil og innheimtuviðvörðun skv. 1. - 2. mgr. 7. gr. laganna og sent fyrir gjalddaga. Í þeim tilvikum verður eigi krafist innheimtuþóknunar eða kostnaðar vegna viðvörðunarinnar, sbr. 3. mgr. 7. gr. og 11. gr. laganna, enda sé krafan greidd í síðasta lagi tíu dögum eftir gjalddaga.

6. gr.

Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl.

Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar vegna innheimtu gjaldfallinna peningakrafna er ákveðin sem hér segir ef sá kostnaður er innheimtur hjá skuldara:



Nr. 37

21. janúar 2009

Innheimtuviðvörðun

Innheimtuviðvörðun (ein skyldubundin viðvörðun skv. 7. gr. innheimtulaga, send frá kröfuhafa eða hvers konar innheimtuaðila, m.a. lögmanni, eftir gjalddaga kröfu (eftir eindaga sé hann tilgreindur), sbr. þó 3. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar um sameiningu greiðsluseðils og viðvörðunar) kr. 900

Milliinnheimtubrэф

2. Milliinnheimtubrэф kröfuaðila eða innheimtuaðila, m.a. lögmanna:
- 2 a Höfuðstóll kröfu til og með 2.999 kr. kr. 1.250
- 2 b Höfuðstóll kröfu 3.000 til og með 9.999 kr. kr. 2.000
- 2 c Höfuðstóll kröfu 10.000 til og með 79.999 kr. kr. 3.500
- 2 d Höfuðstóll kröfu 80.000 kr. og yfir kr. 5.500
3. Fyrsta ítrekun milliinnheimtubrэфs (sama gjald og í 2 a-d)
4. Önnur ítrekun milliinnheimtubrэфs (sama gjald og í 2 a-d)
5. Eitt símtal í milliinnheimtu kr. 500

Samkomulag

6. Gerð skriflegs samkomulags um greiðslu kröfu kr. 2.500

Framangreindar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts. Skuldari skal einungis greiða fyrir eina skyldubundna innheimtuviðvörðun, valfrjálst milliinnheimtubrэф og tvær valfrjálssar ítrekanir á þeim og eitt símtal í milliinnheimtu þar sem samband næst. Óheimilt er að leggja á prósentugjöld miðað við skuld, vanskilagjöld eða önnur samsvarandi gjöld.

Um dráttarvexti er vísað til c-liðar 2. mgr. 7. gr. innheimtulaga en þar segir að sundurliða skuli höfuðstól og viðbótarkröfur, svo sem dráttarvexti og innheimtuþóknun.

Ef brotið hefur verið gegn 7. gr. innheimtulaga þannig að innheimtuviðvörðun þjóni ekki tilgangi sínum verður skuldari aðeins krafinn um framangreindan kostnað vegna viðvörðunar, sbr. 3. másl. 11. gr. laganna.

Minnst tíu dagar skulu líða milli viðvörðunar og brэфs eða milli brэфa. Í viðvörðun og brэфum skal gerð grein fyrir því ef innheimta mun í kjölfar tilkynningarinnar færast á næsta innheimtustig með auknum kostnaði.

7. gr.

Eftirlit.

Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins, svo og úrskurðarnefnd lögmanna, vísast til 15. - 16. gr. innheimtulaga. Erindum vegna innheimtu fyrir eigin starfsemi skal beina til Neytendastofu.

8. gr.

Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr., sbr. 21. gr., innheimtulaga nr. 95/2008.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. febrúar 2009.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verði teljandi vandkvæði á því að aðlaga tölvukerfi í einstökum fyrirtækjum reglugerð þessari fyrir gildistöku hennar má viðhalda núverandi gjalddöku til loka febrúar 2009.

Hafi innheimtuaðili gert bindandi samning við viðskiptavin um innheimtu krafna fyrir ákveðnar fjárhæðir má víkja frá ákvæðum reglugerðar enda sé samningurinn í gildi við útéfa reglu-



Nr. 37

21. janúar 2009

gerðarinnar og uppsagnarákvæða verður ekki neytt eða þau eru ekki virk. Þessi undanþága gildir þó ekki lengur en eitt ár frá gildistöku reglugerðarinnar.

Viðskiptaráðuneytinu, 21. janúar 2009.

Björgvin G. Sigurðsson.

Jónína S. Lárusdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 21. janúar 2009



Nr. 133

16. febrúar 2010

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar vegna innheimtu gjaldfallinna peningakrafna er ákveðin sem hér segir ef sá kostnaður er innheimtur hjá skuldara:

Innheimtuviðvörðun

Innheimtuviðvörðun (ein skyldubundin viðvörðun skv. 7. gr. innheimtula- laga, send frá kröfuhafa eða hvers konar innheimtuaðila, m.a. lögmanni, eftir gjalddaga kröfu (eftir eindaga sé hann tilgreindur), sbr. þó 3. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar um sameiningu greiðsluseðils og viðvörðunar)	kr.	950
--	-----	-----

Milliinnheimtubríf

2. Milliinnheimtubríf kröfuaðila eða innheimtuaðila, m.a. lögmanna:		
2 a Höfuðstóll kröfu til og með 2.999 kr.	kr.	1.300
2 b Höfuðstóll kröfu 3.000 til og með 10.499 kr.	kr.	2.100
2 c Höfuðstóll kröfu 10.500 til og með 84.999 kr.	kr.	3.700
2 d Höfuðstóll kröfu 85.000 kr. og yfir	kr.	5.900
3. Fyrsta ítrekun milliinnheimtubrýfs (sama gjald og í 2 a-d)		
4. Önnur ítrekun milliinnheimtubrýfs (sama gjald og í 2 a-d)		
5. Eitt símtal í milliinnheimtu	kr.	550
6. Gerð skriflegs samkomulags um greiðslu kröfu	kr.	2.700

2. gr.

2. másl. 7. gr. reglugerðarinnar falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr., sbr. 21. gr., innheimtulaga nr. 95/2008, öðlast þegar gildi.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, 16. febrúar 2010.

Gylfi Magnússon.

Jónína S. Lárusdóttir.